



Sveitarfélagið Skagaströnd Ársskýrsla 2021



Formáli sveitarstjóra



Í upphafi árs er bæði gagnlegt og gaman að líta yfir farinn veg og skoða þau verkefni sem hefur verið unnið að síðustu misseri ásamt því að kortleggja það sem framundan er.

Árið 2021 var viðburðaríkt hjá sveitarfélaginu. Fyrri partur ársins einkenndist í sameiningarviðræðum í bland við heimsfaraldur Covid 19. Formlegum viðræðum lauk með kosningu þann 5. júní 2021 þar sem afstaða meirihluta Skagstrendinga var mjög skýr, en kosningin var felld með 69,2% greiddra atkvæða en kjörsókn var 84%. Sitt sýnist hverjum um niðurstöðu kosninga en það verður ekki annað sagt um Skagstrendinga en að þeir séu staðfastir, ákveðnir og viti hvert þeir vilja stefna.

Ég er stolt af þeirri vinnu sem unnin hefur verið síðustu ár og geng bjartsýn inn í 2022. Ég er sannfærð um að við eigum enn eftir að sjá það besta sem Skagaströnd hefur uppá að bjóða og vona að við göngum í takt inn í nýtt ár með jákvæðni að leiðarljósi. Tökum höndum saman og hlúum áfram að perlunni sem Skagaströnd er og sjáum sveitarfélagið vaxa og dafna.

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

**Fólkioð
okkar**

Starfsmannahald hjá sveitarfélaginu

Mannauður er ein mikilvægasta auðlind atvinnurekenda og státar Sveitarfélagið Skagatrönd sig af úrvalaliði í öllum stöðum. Það eru alltaf einhverjar breytingar á starfsmannahaldi á milli ára en tveir starfsmenn sem unnið hafa hjá sveitarfélaginu til fjölda ára létu af störfum 2021. Jóhanna Sigurjónsdóttir bókarar á skrifstofu sveitarfélagsins lét af störfum á árinu og Arnór Tumi Finnsson kom í hennar stað. Þá lét Árni Geir Ingvarsson verkstjóri áhaldahúss af störfum og kom Vilhelm Harðarson í hans stað. Sveitarfélagið þakkar Árna og Jóhönnu kærlega fyrir vel unnin störf og samfylgdina síðustu ár og býður Vilhelm og Arnór hjartanlega velkomna til starfa. Önnur breyting sem var gerð var sú að bætt var við stöðugildi sem skipt var á milli áhaldahúss og hafnar og var Baldur Magnússon ráðinn til starfsins. Baldur hefur lengi sinnt afleysingum á höfninni og verið okkur innan handar en er nú orðinn fastráðinn starfsmaður sveitarfélagsins. Þjóðum við Baldur velkominn í hópinn.

Alls starfa um 60-70 manns á ársgrundvelli fyrir sveitarfélagið. Föst stöðugildi yfir árið eru að jafnaði um 33 en síðan fáum við til liðs við okkur sumarstarfsmenn, afleysingafólk og hlutastarfandi starfsmenn á ákveðnum álagspunktum yfir árið. Eftirfarandi aðilar unnu fyrir sveitarfélagið árið 2021 og er öllum starfsmönnum þakkað fyrir vel unnin störf á oft erfiðum tímum vegna heimsfaraldurs Covid 19. Starfsmenn sveitarfélagsins eru oft með marga hatta eins og gefur að skilja í litlu sveitarfélagi eins og okkar og koma þeir því fyrir á nokkrum stöðum í upptalningu.

STARFSMENN SVEITARFÉLAGSINS SKAGASTRANDAR 2021

SKRIFSTOFA SVEITARFÉLAGSINS Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri, Arnór Tumi Finnsson, bókari, Ólafur Þór Ólafsson, verkefnastjóri fjármála, Eva Guðbjartsdóttir, sérfræðingur

RÆSTINGAR Á SKRIFSTOFU Arnrún Ösp Guðjónsdóttir, ræstitæknir, Kristín Björk Leifsdóttir, ræstitæknir

ÁHALDAHÚS Árni Geir Ingvarsson, verkstjóri áhaldahúss, Vilhelm Harðarson, verkstjóri áhaldahúss, Baldur Magnússon, starfsmaður áhaldahúss

SKAGASTRANDARHÖFN Þórey Jónsdóttir, hafnarvörður, Baldur Magnússon, hafnarverkamaður, Sigurður Sverrir Ó. Hallgrímsson, afleysingar

BÓKASAFN SKAGASTRANDAR Guðlaug Grétarsdóttir, forstöðumaður bókasafns, Ragnheiður Sandra Ómarsdóttir, forstöðumaður bókasafns

FÉLAGSSTARF Ásthildur Gunnlaugsdóttir, umsjónarmaður, Guðrún Soffía Pétursdóttir, umsjónarmaður

ÍPRÓTTAHÚS OG SUNDLAUG Arnar Ólafur Viggósson, forstöðu-maður íþróttahúss og sundlaugar, Gígja Heiðrún Óskarsdóttir, starfs-maður íþróttahúss og sundlaugar, Magnús Línal Þrastarson, starfsmaður íþróttahúss og sundlaugar, Daniela Esmeralda Ortega, starfsmaður sundlaugar vegna skólasunds

HEIMAÞJÓNUSTA Ásta Ýr Ásgeirsdóttir, starfsmaður í heimaþjónustu, Ása Ósk Ásgeirsdóttir, starfsmaður í heimaþjónustu, Ólafur Ingibjörnsson, starfsmaður í heimaþjónustu Hrönn Árnadóttir, starfsmaður í heimaþjónustu

LJÓSMYNDASAFN SKAGASTRANDAR OG NÁMSSTOFA VIÐ EINBÚASTÍG Ólafur Bernódusson, umsjónarmaður

UNDIRHEIMAR FÉLAGSMIÐSTÖÐ Þorgerður Þóra Hlynisdóttir, umsjónarmaður

HÖFÐASKÓLI Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri, Ásdís Ýr Arnardóttir, grunnskólakennari, Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, stuðningsfulltrúi, Ástrós Elísdóttir, umsjónarkennari, Berglind Rós Helgadóttir, þroskaþjálfari, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, umsjónarkennari, Elva Þórisdóttir, umsjónarkennari, Erna Ósk Guðnadóttir, starfsmaður frístundar, Eva Dís Gunnarsdóttir, starfsmaður með stuðning í skóla, Finnbogi Guðmundsson, íþrótt- og heimilisfræðikennari, Fjóla Dögg Björnsdóttir, nemi í kennslufræðum við HÍ, kennsla á yngsta stigi, Georg Þór Kristjánsson, starfsmaður á bókasafni, Halla María Þórðardóttir, mastersnemi með B.ed gráðu í kennslufræðum, umsjón á miðstigi, Hallfríður Ósk Óladóttir, skólaliði, Inga Jóna Sveinsdóttir, umsjónarkennari, Ílóna Sif Ásgeirsdóttir, frístund, Judith Maria Scheja, frístund, Kristbjörg Dúfa Ragnheiðardóttir, stuðningsfulltrúi og myndmenntakennari, Kristinn Rúnar Kristjánsson, húsvörður, Lilja Dögg Hjaltadóttir, stuðningsfulltrúi, Ólafur Bernódusson, námsráðgjafi, Sigríður Stefánsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur, Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir, sérkennari, Sigurður Heiðarr Björgvinsson, mastersnemi með B.ed gráðu í kennslufræðum, leiðbeinandi á unglingastigi og bókasafnsvörður, Svenný Hallbjörnsdóttir, stuðningsfulltrúi, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, nemi í kennslufræðum við HÍ, umsjón á yngsta stigi, Þorgerður Þóra Hlynisdóttir, umsjónarkennari

SUMARSTARFSMENN / ATVINNUÁTAK FYRIR UNGMENN Andri Már Gunnarsson, Brynjar Daði Finnbogason, Dominik Gruenberger, Ívan Orri Eiríksson, Laufey Lind Ingibergsdóttir, Mathis Gruenberger, Mikael Garðar Hólmgeirsson, Ólafur Guðni Helgason, Pascal Gruenberger, Magnús Sólberg Baldursson

VINNUSKÓLI Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, flokkstjóri, Alexandra Ósk Guðbjargar-dóttir, flokkstjóri, Dagný Dís Bessadóttir, flokkstjóri, Hallfríður Ósk Óladóttir, flokkstjóri, Anna Marie Gruenberger, Arnrún Hildur Hrólfisdóttir, Auðbjörg Garðarsdóttir, Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, Dagný Dís Bessadóttir, Elísa Bríet Björnsdóttir, Hallfríður Ósk Óladóttir, Ísabella Líf Tryggvadóttir, Karen Líf Sigurbjargardóttir, Mathis Gruenberger, Matthías Jökull Helgason, Óðinn Örn Gunnarsson, Sigfríður María Garðarsdóttir, Sóley Sif Jónsdóttir, Steinunn Kristín Valtýsdóttir, Sævar Max Árnason, Valdimar Viggó Baldursson, Þórunn Ósk Hólmgeirsdóttir

SLÖKKVILIÐ Hafsteinn Pálsson, slökkviliðsstjóri, Kristján Helgi Gunnarsson, aðstoðarslökkviliðsstjóri, Sigurbjörn Björgvinsson, slökkviliðsmaður, Árni Halldór Eðvarðsson, slökkviliðsmaður, Stefán Sveinsson, slökkviliðsmaður, Björn Sigurðsson, slökkviliðsmaður, Tryggvi Karl Hlynsson, slökkviliðsmaður, Jón Ólafur Sigurjónsson, slökkviliðsmaður, Birkir Rúnar Jóhannsson, slökkviliðsmaður, Gísli Björn Reynisson, slökkviliðsmaður, Björn Hallbjörnsson, slökkviliðsmaður, Ari Jón Þórsson, slökkviliðsmaður, Sigurður F. Björnsson, slökkviliðsmaður, Sigurjón Ingi Ingólfsson, slökkviliðsmaður, Hallbjörn Björnsson, slökkviliðsmaður, Árni Max Haraldsson, slökkviliðsmaður, Ragnar Már Björnsson, slökkviliðsmaður, Ingimar Vignisson, slökkviliðsmaður

NEFNDIR OG RÁÐ

SVEITARSTJÓRN Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir

TÓMSTUNDA- OG MENNINGARMÁLANEFND Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Fannar J. Viggósson, Ástrós Elísdóttir, Þorgerður Þóra Hlynisdóttir, Hafrún Kjellberg, Jensína Lýðsdóttir

HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Steindór R. Haraldsson, Guðmundur E. Erlendsson

ATVINNU- OG FERÐAMÁLANEFND Jón Ólafur Sigurjónsson, Birna Sveinsdóttir, Árni Max Haraldsson, Kristín Birna Guðmundsdóttir, Áslaug Ottósdóttir

FRÆDSLUNEFND Péturína L. Jakobsdóttir, formaður, Baldur Magnússon, Hafdís Ásgeirsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir, Kolbrún Á. Guðnadóttir f. Skagab., Berglind Rós Helgadóttir f. stm. grsk., Erna Berglind Hreinsdóttir f. stm. grsk., Sesselja Guðmundsdóttir f. stm. leisk., Ástrós Villa Vilhelmsdóttir f. foreldra leisk., Ástrós Elísdóttir f. foreldra grunnskóla


KJÖRSTJÓRN Lárus Ægir Guðmundsson, Gígja Óskarsdóttir, Steindór Haraldsson, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir, Vigdís Þorgeirsdóttir

Íbúar

Í byrjun árs 2021 voru 463 íbúar á Skagaströnd skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands en í lok árs 2021 voru íbúar sveitarfélagsins 483. Það vekur sérstaka ánægju og eftirtekt hversu mikið af börnum fæddust á Skagaströnd á síðustu mánuðum en alls bættust 10 glænýir Skagstrendinga í hópinn. Fengu þessir heiðursborgarar sérstakan stað í samantekt um sveitarfélagið enda ekki hægt að hugsa sér dásamlegra myndefni. Á myndina vantar fjögur kríli, tvö sem fæddust 2021 og glæsilega tvíbura sem komu í heiminn í byrjun árs 2022 og státa sig af því að vera nýjustu Skagstrendingarnir okkar.

Ef horft er til yfirlits yfir fæðingar í Sveitarfélaginu frá 1991 þá hafa ekki fleiri börn fæðst á Skagaströnd síðan 2006. Þetta er því einstakt gleðiefni fyrir sveitarfélagið og bjóðum við elsku nýburana okkar velkomna í samfélagið. Hin hæfileikaríka Helena Mara Velemir tók þessar fallegu myndir fyrir sveitarfélagið af nýjustu íbúunum okkar og mæðrum þeirra.

Sveitarfélagið Skagaströnd
Fæðingar 1991-2020



Bríet Dögg



Guðrún Freyja



Gunnar Ingi



Haraldur Max



Ingunn Björk



Jón Ólafur

Frá vinstri efri röð: Inga Jóna Sveinsdóttir og Haraldur Max, Arnrún Ösp Guðjónsdóttir og Ingunn Björk Kristmarsdóttir, Eva Dís Gunnarsdóttir og Gunnar Ingi Friðþórsson, Jenný Lind Sigurjónsdóttir og Guðrún Freyja Ingimarsdóttir. Frá vinstri neðri röð: Hallbjörg Jónsdóttir og Jón Ólafur Hallbjargarson, Fjóla Dögg Björnsdóttir ófrísk af tvíburum og nýjustu íbúum Skagastrandar fæddum 3. janúar 2022 og Sara Diljá Hjálmarsdóttir og Bríet Dögg Birkisdóttir. Á myndina vantar Elnu Ragnarsdóttir og Atlas Tý Elvarsson og Hafrúnu Kjellberg og Anítu Rós Magnúsdóttir sem höfðu því miður ekki tæk á að koma í myndatöku með hópnum.



Nýjustu Skagstrendingarnir



Sara Diljá Hjálmarsdóttir
og Bríet Dögg Birkisdóttir



Jenný Lind Sigurjónsdóttir
og Guðrún Freyja Ingimarsdóttir



Eva Dís Gunnarsdóttir
og Gunnar Ingi Friðþórsson

Nýjustu Skagstrendingarnir



Inga Jóna Sveinsdóttir
og Haraldur Max



Arnrún Ösp Guðjónsdóttir
og Ingunn Björk Kristmarsdóttir



Hallbjörg Jónsdóttir
og Jón Ólafur Hallbjargarson



Fjóla Dögg Björnsdóttir
og ófæddir tvíburar sem komu
í heiminn 3. janúar 2022

Aflab rögð

Aflabrögð


Eftir sem áður er sjávarútvegur ein stærsta atvinnugreinin á Skagaströnd og var sjósókn með eindæmum góð á líðandi ári.

Árið 2021 var umferð um Skagastrandarhöfn umtalsvert meiri en hún hefur verið síðustu ár og munar þar mest um skip Vísis hf. sem eftir nokkurt hlé hefur aftur verið beint til löndunar á Skagaströnd, endasamgöngur góðar og tiltölulegastuttaðsækja á gjöful fiskimið. Alls lönduðu 68 bátar á Skagastrandarhöfn á síðasta ári og eru 25 af þeim bátum gerðir út frá Skagaströnd.

Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð á löndunartölum um Skagastrandarhöfn á árabílinu 2017-2021.

Myndin sýnir að árið 2021 var heildaraflí sem landað var á Skagastrandarhöfn yfir 7000 tonn og magnið umtalsvert meira en verið hefur undanfarin ár. Þær miklu breytingar sem verða í aflamagni á milli áráanna 2018 og 2019 skýrast af brotthvarfi Arnars HU-1 sem landaði síðast á Skagaströnd 11. júlí 2018 og því einkar ánægjulegt að sjá heildaraflatölur fyrir 2021 ná þessum hæðum.

Sveitarfélagið Skagaströnd
Fæðingar 1991-2020



Smábátaútgerð hefur einnig verið í blóma síðasta árið en alls gerðu 22 smábátar út frá Skagaströnd 2021.

Skagstrendingar fagna þessum auknu umsvifum og vonast er til þess að góður aðbúnaður á Skagaströnd, þjónusta hafnarinnar og Fiskmarkaðs Íslands sé með þeim hætti að sjávarútvegur verði áfram sterkur í sveitarfélaginu.



Veitingar og matvara

Það dró til tíðinda þegar tvö ný veitingahús opnuðu á liðnu ári sem bætir þjónustu og aðbúnað í sveitarfélaginu til muna og veitir nauðsynlega þjónustu við útgerðaraðila sem eru ekki búsettir á Skagaströnd sem og bæjarbúa alla.

Harbour restaurant and bar Hafnarlöð 7

Veitingastaðurinn sem opnaði síðasta sumar er hinn glæsilegasti og hefur verið mikil lyftistöng fyrir samfélagið allt. Hjónin Birna Sveinsdóttir og Slavko Velemir ásamt hjónunum Hafdís Hrunn Ásgeirsdóttur og Stefáni Sveinssyni létu þennan draum rætast. Matargerðin er metnaðarfull og staðurinn frábærlega vel heppnaður í alla staði.



Mynd: Birna Sveinsdóttir

Hólanes restaurant and bar Hólanesvegi 11

Hólanes restaurant and bar opnaði einnig síðasta sumar að Hólanesvegi 11 og hefur húsnæðið sem hýsti áður Borgina fengið andlitslyftingu sem er eftirtektarverð. Á staðnum er notaleg stemmning en þar er bæði sportbar og veitingahús. Boðið er upp á sýningu á íþróttaviðburðum, billjardborð og píluspjald ásamt góðum veitingum og nýbökuðu bakkelsi um helgar.



Mynd: Fengin að láni af facebook síðu Hólaness restaurant and bar

Kjörbúðin Bogabraut 1

Kjörbúðin á Skagaströnd sem rekin er af Samkaupum, statar sig af frábæru vöruúrvali og góðum opnunartíma og búum við Skagstrendingar við mjög góðan kost miðað við stærð sveitarfélagsins. Árið 2021 byrjaði Samkaup með sérstakt app sem hægt er að nota til þess að versla í verslunum Samkaupa. Kjörbúðin á Skagaströnd státaði sig af því að vera með langhæsta notkun á appinu af öllum búðum Samkaupa þannig Skagstrendingar eru orðnir vel tæknivæddir í verslunarferðum sínum í heimabyggð.



Mynd: Fengin að láni af vefsíðu Samkaupa



Mynd: Emilía Ýr Dagsdóttir

Olís Oddagötu

Olís hefur lengi staðið vaktina í þjónustu við Skagstrendinga með eldsneytissölu, fjölbreyttu vöruúrvali í verslun og góðum veitingum á Road 66 sem alltaf er hægt að treysta á. Það hefur ekkert lát orðið þar á síðasta árið og á Olís á Skagaströnd dygga viðskiptavinum sem kíkja margir í heimsókn til þeirra daglega.



Mynd: Fengin að láni af vefsíðu Olís

**Íþróttir,
ungmennna- og
félagsstarf**

Íþróttir, ungmenna- og félagsstarf

Starfsemi íþróttahúss

Skagstrendingar geta státað sig af framúrskarandi æfingaaðstöðu í íþróttahúsi sveitarfélagsins sem hefur verið vel nýtt á líðandi ári þrátt fyrir Covid 19. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera og fjölbreytt dagskrá í boði ásamt frábærum aðbúnaði í tækjasal.

Ein vinsælasta afþreyingin síðasta árið voru badmintonæfingar en það hefur skapast gríðarlega skemmtileg stemning í kringum þennan hóp. Boðið er upp á æfingar tvisvar sinnum í viku yfir veturinn. Hér má sjá glæsilegan hóp af áhugasömum badmintonspilurum í íþróttahúsinu. Allir eru velkomnir á þessar æfingar, bæði byrjendur og lengra komnir.

Í íþróttahúsi er einnig boðið upp á svokallaðan bumbubolta tvisvar í viku yfir veturinn og hafa æfingarnar verið vel sóttar enda hressandi kvöldstund í skemmtilegum félagsskap. Það er tekið vel á móti öllum sem vilja taka þátt og eru íbúar og gestir hvattir til þess að fjölmenna á æfingar.

Sundlaug

Litla sundlaugin okkar er líka vel sótt allan ársins hring og er alltaf notalegt að koma við í smá slökun í pottinum með útsýni yfir Húnaflóann í allri sinni dýrð.



Jólastemning í sundlauginni



Badmintonliðið



Bumbuboltaliðið

Íþróttir, ungmenna- og félagsstarf

Félagsstarf aldraðra

Félagsstarf aldraðra er vel sótt og hefur verið allt frá því það var stofnað fyrir um 25 árum síðan. Í hverri viku á mánudögum og fimmtudögum hittast fjölmargir félagar á besta aldri upp í Fellsborg og una sér í góðum félagsskap við ýmiss konar handavinnu, spil og spjall um daginn og veginn.

Bókasafn

Mikil aðsókn var í bókasafnið á liðnu ári og á litla safnið okkar marga fastakúnnna sem bíða spenntir eftir nýjum bókum í hverri viku. Bryddað var upp á ýmsum nýjungum á árinu. Meðal annars var haldin Bókaáskorun Fjölskyldunnar 2021-2022 ásamt því að sett var saman viðburðadagatal fyrir bókasafnið í nóvember og desember og var því einkar notalegt hjá okkur á aðventunni. Ýmsir gestir mættu og voru með bókakynningar og upplestur sem hægt var að njóta með heitu kakói í bolla og ilmandi piparkökum.

Ungmenna- og æskulýðsstarf

Ungmennafélagið Fram

Umf. FRAM rekur öflugt og fjölbreytt starf fyrir börn og unglinga á Skagaströnd bæði á sumrin og veturna. Innan vébanda starfseminnar koma börn og ungmenni saman í frístundum og starfa að sínum hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Heilbrigð hreyfing og samvera er dýrmæt fyrir börn og unglinga og er starfið hjá Umf. Fram gríðarlega mikilvæg grunnstoð í samfélaginu á Skagaströnd.

Vetrarstarf 2021-2022

Frjálsar íþróttir
Þrek
Karfa
Fótbolti
Íþróttasprell
Karate fyrir byrjendur og lengra komna
Körfuboltanámskeið í samstarfi við
Körfuboltaskóla Norðurlands
Ásamt reglulegum æfingum fyrir eldri hópa
var sumarið 2021 m.a. boðið upp á eftirfarandi dagskrá fyrir yngri hópa:
Golfnámskeið á Háagerðisvelli
Frjálsíþróttanámskeið
Leikjánaamskeið
Veði og útivist
Kofasmíði
Badminton
Körfubolta
Útivist og ævintýri.
Komdu í fótbolta – samstarfsverkefni með KSÍ
Siglinganámskeið hjá Siglingaklúbbnum
Drangey á Sauðárkróki

2021

Viðburðir á bókasafni Skagastrandar

Bókakynning 19. Nóvember kl 14:00

Friðvin Ingi Berndsen les úr ljóðabók sinni "Ælli Adólf hafi Grátið Eru Sína"

Jólasaga 6. Desember kl 16:15

Dagný Marín les jólasögu að eigin vali fyrir alla aldurshópa.

Jólasveinarnir 13. Desember kl 16:15

Steinunn Kristín (Dídi) ættar að fræða leikskólabörnin um jólasveinana okkar 13.

Bókakynning 20. Desember kl 16:00

Ástrós Elís les uppúr bókinni sinni "Tól undir Spákonufelli" Fyrir 8 ára og eldri

Boðið verður uppá kaffi, kakó, djús og piparkökur á alla viðburði bókasafnsins. Lífum og njótum saman. kv. Bókavörður



Til viðbótar við starfsemi Umf. Fram hefur Golfklúbbur Skagastrandar boðið upp á ókeypis golfkennslu fyrir börn og fullorðna yfir sumartímann sem margir hafa nýtt sér til þess að kynnast þessu skemmtilega sporti.

Það er nægt framboð af ánægjulegri og heilnæmri afþreyingu fyrir alla aldurshópa á Skagaströnd og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Vinnuskóli og sumarstarfsmenn

Vinnuskóli sveitarfélagsins er starfræktur á hverju sumri fyrir nemendur búsetta á Skagaströnd sem hafa nýverið lokið 8., 9. og 10. bekk í Höfðaskóla. Markmið með Vinnuskólanum er að gefa unglingum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu. Það gekk hægar en áætlað varað ráða flokkstjóra en hafðist þó á síðustu stundu svo okkur tókst með ágætis þúsli að starfrækja Vinnuskólann með örlítið breyttu sniði en áður. Flokkstjórar Vinnuskólans sumarið 2021 voru Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, Alexandra Ósk Guðbjargardóttir, Hallfríður Ósk Óladóttir og Dagný Dís Bessadóttir. Er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf og liðlegheit.

Alls voru um 20 krakkar sem störfuðu í Vinnuskólanum síðasta sumar og stóðu þau sig með prýði við að fegra bæinn okkar með liðsinni frá flokkstjórum og ungmennum í sumarstarfi hjá sveitarfélaginu. Í lok vinnuskólans var haldið lokahóf fyrir hópinn þar sem þau skemmtu sér í paintball og pizzuveislu í Skagafirði sem var skemmtilegur endapunktur á frábæru sumri í Vinnuskólanum.



Mynd: Ástrós Villa Vilhelmsdóttir



Mynd: Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

**Framkvæmdir,
fjárfestingar
og uppbygging**

Framkvæmdir, fjárfestingar og uppbygging

Sveitarfélagið þarf á hverju ári að ráðast í ýmsar framkvæmdir í bænum, bæði stórar og smáar. Smærri framkvæmdir og almennt viðhald er hluti af rekstri sveitarfélagsins á meðan að stærri fjárfestingar eru unnar skv. sérstakri fjárfestingaáætlun fyrir árið og er sá kostnaður eignfærður.

Áætlaður framkvæmdakostnaður í fjárfestingaáætlun vegna 2021 nam 93 milljónum og var bókfærður kostnaður við áramót um 72 milljónir. Framan af ári gekk erfiðlega að fá verktaka í áætlaðar framkvæmdir og eru því einhver verkefni sem flytjast á milli ára. Stærstu einstöku framkvæmdirnar sem færast frá 2021 til 2022 eru múrviðgerðir og málun á suðurhlið Fellsborgar og malbikun á smábátahöfn sem er lokaáfangi í þeirri framkvæmd.

Hér á eftir má sjá yfirlit yfir helstu framkvæmdir ársins og búnaðarkaup, þó að upptalning sé ekki tæmandi.

Búnaðarkaup

Skólabíll

Sveitarfélagið fjárfestir árlega í ýmsum búnaði og tækjum sem eru sveitarfélaginu og stofnunum nauðsynleg í daglegum störfum. Árið 2021 var keyptur nýr skólabíll fyrir Höfðaskóla sem vakti mikla kátínu. Gripinn má sjá á meðfylgjandi mynd.



Dráttarvél fyrir áhaldahús

Fjárfest var í John Deere 5115M dráttarvél fyrir áhaldahús sem mun nýtast í hinum ýmsu verkefnum á komandi misserum og er mikil ánægja með þessa litríku viðbót við tækjakost sveitarfélagsins.



Skógrækt í hlíðum Spákonufells

Sveitarfélagið tók ákvörðun í samvinnu við Skógræktina að ráðast í umfangsmikið skógræktarverkefni í hlíðum Spákonufells. Skógræktin undirritaði samning við One Tree Planted um gróðursetningu 180.000 trjáplantna í hlíðum Spákonufells ofan þéttbýlisins á Skagaströnd. Framlag One Tree Planted til verkefnisins nemur um 150.000 Bandaríkjadollurum sem er hátt í nítján milljónir íslenskra króna. Samningurinn er án skuldbindinga annarra en þeirra að skóginum verði komið upp og honum viðhaldið til framtíðar. Gróðursetning hefst vorið 2022 og er áætlað að eiginlegum framkvæmdum og gróðursetningu ljúki haustið 2024. Í kjölfarið vex upp skógur sem meðal annars nýtist íbúum Skagastrandar, nágrönnum þeirra og gestum til útivistar. Um er að ræða ótrúlega spennandi verkefni sem býr til dýrmæta auðlind til framtíðar fyrir Skagstrendinga.

Áhugasamir geta kynnt sér ræktunaráætlun og framkvæmd verkefnis [hér](#).



Bjarmanes og Árnes

Bjarmanes er fallegt steinhús sem stendur miðsvæðis með góðu útsýni yfir höfnina og Húnaflóann. Húsið var byggt árið 1913 en endurbyggt í upprunalegri mynd árið 2004.

Árnes er elsta húsið í sveitarfélaginu og var byggt árið 1899 af Fritz H. Berndsen kaupmanni sem starfaði á Skagatrönd og átti þar verslun. Sveitarfélagið Skagatrönd keypti húsið 2007 gerði það upp. Verkið hófst árið 2008 og var unnið eftir tillögum Jóns Nordstein arkitekts. Byggingarmeistari við endurgerðina var Helgi Gunnarsson, trésmíðameistari á Skagatrönd.

Það var kominn tími á almennt utanhússviðhald á þessum perlum staðarins sem gefa skemmtilega mynd af bænum með vísun til eldri tíma. Helgi Gunnarsson sá um verkið enda enginn jafn kunnugur byggingunum á svæðinu og hann. Húsin voru lagfærð að utan og máluð og komið í viðunandi horf fyrir veturinn og líta glæsilega út í dag.




Bjarmanes



Árnes, og Bjarmanes í bakgrunni

Undirheimar

Það var kominn tími á að Undirheimar - félagsmiðstöðin okkar sem staðsett er á Bogabraut 7, fengi yfirhalningu. Rýmið var allt málað að innan og inngangur og anddyri flísalagt. Þá voru keypt ný húsgögn og ýmis búnaður m.a. sófi, sjónvarp, hillur og skápar ásamt privíddargleraugum og PS2 tölvu sem flottu krakkarnir okkar geta notið í félagsmiðstöðinni sinni. Starfsmenn íþróttahúss- og sundlaugar nýttu tímann vel þegar lokað var í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins vegna Covid19 og lögðu heldur betur hendur á plóg til þess að láta þetta skemmtilega verkefni raungerast.



Smábátahöfn

Framkvæmdir við smábátahöfn hófust árið 2018 og voru flotbryggjurnar teknar í notkun í ágúst 2019. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hafnarsviðs Vegagerðarinnar og hefur Pétur Ingi Sveinbjörnsson strandverkfræðingur hjá Vegagerðinni haft umsjón framkvæmdum.


Eftir óveðrið sem geisaði á landinu veturinn 2019 voru sveitarfélagið og Vegagerðin sammála um að lengja þyrfti austurgarð smábátahafnar til þess að minnka hreyfingu og sog inn í smábátahöfninni og var ráðist í þær framkvæmdir sumarið 2021. Heildarkostnaður við smábátahöfnina að nýjum austurgarði með-töldum er um 215 milljónir. Áætlað var að klára

malbikun á bílplani við smábátahöfn haustið 2021 en vegna óviðráðanlegra ástæðna frestaðist það fram til vors 2022. Búið er að skipta um undirlag fyrir malbikun svo það ætti að vera hægt að klára verkefnið hratt og örugglega þegar frost fer úr jörðu næsta vor.

Aðstaðan sem smábátahöfnin skapar er hin glæsilegasta og er ánægjulegt að sjá hversu góð nýting er á stæðum í höfninni. Það verður loksins blásið til formlegrar vígslu á höfninni þegar malbikun lýkur næsta vor.




Mynd: Árni Geir Ingvarsson



Túnbraut 1-3

Ein stærsta framkvæmd sveitarfélagsins 2021-2022 snýr að framkvæmdum á 2. hæð stjórnsýsluhússins sýnað sveitarfélagið eignaðist í maí 2021. Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga Vinnumálastofnunar hefur verið starfrækt á Skagaströnd frá 2007 og er í dag staðsett á 1. og 3. hæð hússins. Viðhaldi hússins hefur verið ábátavant í fjölda ára og löngu kominn tími á nauðsynlegar úrbætur á húsnæðinu. Sveitarfélagið einsetti sér að eignast húsið til þess að tryggja að farið yrði í framkvæmdir og Greiðslustofu búinn viðunandi aðbúnaður of vinnuáðstaða fyrir sína starfsemi. Það er mikilvægt að hlúa að þeim grunnstöðum atvinnulífs sem eru til staðar í samfélaginu og er Greiðslustofa einn stærsti vinnustaður sveitarfélagsins. Verkfræðistofan Stoð sá um hönnun á endurbótum og verktakafyrirtækið Húsherji var ráðinn sem aðalverktaki. N1 píparinn sér um lagnavinnu og Neistinn rafmagnsverkstæði um raflagnir. Hér fyrir neðan má sjá vísi að þeim breytingum sem farið verður í og hvernig húsnæðið mun líta út að loknum breytingum. Áætluð verklok eru í lok febrúar 2022. Gert er ráð fyrir 27 starfsstöðvum, 2 næðisrýmum, 2 salernum og setustofu. Í næsta áfanga verður útbúin fundaaðstaða og sameiginlegt eldhús fyrir Túnbraut 1-3 á efstu hæð hússins.

Hér má sjá yfirlit yfir framkvæmdir og skipulag á miðhæð.



Myndir unnar fyrir sveitarfélagið af Stoð ehf. verkfræðistofu

Baðlón við Hólanes

Sveitarfélagið kynnti á árinu áætlanir um uppbyggingu glæsilegra baðlóna við Hólanes, en unnið hefur verið að verkefninu frá 2020. Bóðin verða staðsett við sjávarmálið á Hólanesi sem er miðsvæðis á Skagaströnd og skartar tilkomumiklu útsýni yfir Húnaflóann og Strandafjöllin. Það er trú forsvarsmanna sveitarfélagsins að þessi umfangsmikla uppbygging verði mikilvæg lyftistöng fyrir ferðapjónustu bæði á Skagaströnd og Norðurlandi vestra eins og það leggur sig. Ásamt því að verða eftir-sóknarverður viðkomustaður fyrir ferðamenn alls staðar að úr heiminum þá munu þau þjóna nærsamfélaginu sem kærkomin heilsuefandi viðbót fyrir heimamenn.

Nauðsynlegt var að ráðast í breytingu á deiliskipulagi vegna framkvæmdanna og má sjá breytingatillögu hér sem auglýst var á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagastrond.is þann 9. desember sl. Áætlað er að skipulagsvinna klárast á fyrstu mánuðum 2022 og fjármögnun verkefnisins verði lokið um mitt ár.

Heildarfjárfesting er metin á um hálfan milljarð og verktími frá því að framkvæmdir hefjast um 2 ár.

Það verður gaman að vinna áfram að þessu metnaðarfulla verkefni sem mun efla og styrkja samfélagið okkar og skapa breyttar forsendur fyrir uppbyggingu á fjölbreyttri þjónustu á Skagaströnd.

Grundvallarforsenda fyrir því að hægt sé að ráðast í verkefnið er að Rarik geti afhent heitt vatn til baðlóna. Sveitarfélagið skrifaði undir samning við Rarik þann 3. janúar sl. þar sem afhendingaröryggi á heitu vatni til verkefnis-ins er tryggt. Er það gríðarlega mikilvægur áfangi fyrir verkefnið og er Rarik þakkað fyrir ánægjulegt samstarf og góða samvinnu í tengslum við baðlónin.

Áhugasamir geta kynnt sér verkefnið betur [hér](#).



Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri Rarik og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri



Myndir unnar fyrir sveitarfélagið af Arkþing Nordic

Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða

Sveitarfélagið lagði inn tvær umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í desember 2021. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða tók til starfa 8. ágúst 2011 en sjóðurinn er í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur hans.

Markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægar og sjálfbærrar stoðar í íslensku atvinnulífi. Það er jafnframt markmið sjóðsins að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Heimilt er að fjármagna framkvæmdir sem snúa að öryggi ferðamanna, náttúruvernd og uppbyggingu, viðhaldi og vernd mannvirkja. Sveitarfélagið sótti um styrki til eftirfarandi verkefna:

1. Spákonufellshöfði: Fuglaskoðun og útivist
Í umsókn segir: Sótt er um styrk til þess að hanna fuglaskoðunarhús á Spákonufellshöfða sem og að bæta aðgengi og stíga á höfðanum. Höfðinn er fólkvangur og náttúruperla með ríkt fuglalíf. Sveitarfélagið Skagaströnd hefur áhuga á að reisa byggingu sem ekki einungis ýtir undir þekkingarsköpun og fuglarannsóknir, en hefur einnig það mikilvæga hlutverk að vera nýtt kennileiti fyrir sveitarfélagið. Húsið verður hannað með hugmyndafræði “vöggu til vöggu” að leiðarljósi, þannig að hægt sé að taka bygginguna niður, færa náttúruna í samt horf og endurnýta byggingarefnin. Arkitektúrinn er fallegur, vandaður, endingargóður og fellur vel að umhverfinu. Hægt verður að reisa húsið án

stórra vinnuvéla til þess að koma í veg fyrir rask á náttúrunni.

2. Skagastrandarhöfn:
Nýr áfangastaður á Norðurlandi vestra
Í umsókn segir: Óskað er eftir styrk til þess að stofna til hönnunarsamkeppni um hafnarsvæðið á Skagaströnd. Viðfangsefni samkeppninnar er uppbygging hafnarinnar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Gera þarf ráð fyrir móttöku og umferð ferðamanna m.a. frá skemmtiferðaskipum sem koma í land á Skagaströnd. Markmiðið er að byggja nýja þjónustu m.a. með salernis- og sturtuaðstöðu fyrir ferðamenn á hafnarsvæði ásamt því að búa til og byggja upp nýja áningarstaði meðfram strandlengjunni.

Leitast skal við að tengja saman vinsæla áfangastaði í sveitarfélaginu sem liggja í grennd við hafnarsvæðið. Tillögur skulu miða að heildstæðu skipulagi fyrir hafnarsvæði þar sem iðnaður og ferðamennska geta tvinnast saman á áhugaverðan og öruggan hátt.


Litið verið heildstætt á svæðið með tilliti til aukinnar aðsóknar ferðamanna, móttöku skemmtiferðaskipa og þjónustu við þau. Með því að hanna aðkomu, gönguleiðir og áningarstaði á vinsælu hafnarsvæði eykst öryggi gesta og þeirra sem starfa við hafnsækna starfsemi.

Áhersla skal lögð á umhverfisvæna hönnun og aðgengi fyrir alla.

Áhugasamir geta kynnt sér verkefnin nánar hér:

- [Greinargerð: Spákonufellshöfði – Fuglaskoðun og útivist](#)
- [Greinargerð: Skagastrandarhöfn – Nýr áfangastaður á Norðurlandi vestra](#)


Af hverju fuglaskoðunarhús?




Hringvegurinn
Skagaströnd er í 20 mínútna akstursfjarlægð frá hringveginum




Af hverju stoppa á Skagaströnd?
Margir missa af Skagastrandar-afleggjarnum er þeir bruna í gegnum Blönduós og áfram hringveginn



Fuglaskoðunarhús
Nýtt kennileiti og áfangastaður: ný ástæða til að heimsækja Skagaströnd og náttúruperlur hennar



Helstu svæði og tækifæri í ferðamennsku



Sandlækur
Falleg sandströnd. Svæði ofan við strönd skilgreint í aðalskipulagi sem frístundabyggð.

Spákonufellshöfði
Fólkvangur, útivist og fuglalíf. Bæta þarf stíga, stefnt er að því að byggja fuglaskoðunarhús

Hafnarsvæði
Sjávarútvegur í bland við ónýt tækifæri í ferðamennsku. Stefnt er að því að skapa aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip og búa til frekari aðstöðu fyrir ferðamenn. Tryggja þarf öryggi og nægan aðskilnað milli gesta og hafnartengdrar starfsemi.

Hólanes
Miðsvæði Skagastrandar. Fallegt svæði en nokkuð óreiðukennt skipulag. Skortir tengingu við hafnarsvæði. Hér við ströndina munu fyrirhuguð sjóboð vera staðsett.

Húsnæðismál

Húsnæðismál

Sveitarfélagið gaf á árinu út húsnæðisáætlun sem ætlað er að draga fram eins skýra mynd og hægt er af stöðu húsnæðismála á Skagatrönd. Er henni m.a. ætlað að standa sem eitt þeirra verkfæra sem sveitarfélagið getur notað í stefnumótunarvinnu við uppbyggingu á húsnæði. Áætlunin veitir yfirsýn yfir húsnæðismál á Skagatrönd og áætlaða þörf fyrir nýbyggingu íbúða næstu 10 árin. Í áætlun er gert ráð fyrir að það sé þörf fyrir byggingu á um 4 íbúðum á ári næstu fjögur árin til þess að mæta fyrirbyggjandi þörf í takt við aukna atvinnuuppbyggingu.

Sveitarfélagið hefur síðasta árið unnið með HMS til þess að skoða möguleika á byggingu íbúðarhúsnæðis á Skagatrönd og munu vinna að því markmiði saman á árinu 2022.

Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins má nálgast [hér](#).

Áætlun íbúðapörf á Skagatrönd 2022-2028	2022	2024	2026	2028	2030
Íbúðir á almennum markaði	2	2	2	0	0
Íbúðir fyrir 67 ára og eldri	2	2	2	2	0

Eignir sveitarfélagsins

Það vakti athygli þegar sveitarfélagið tók við hluta af eignum Fisk Seafood á Skagatrönd vorið 2021. Eignirnar voru afhentar sveitarfélaginu endurgjaldslaust eftir langar samningaviðræður við forsvarsmenn Fisk Seafood. Þær eignir sem um ræðir eru Hafnarlóð 9, betur þekkt sem gamla síldarverksmiðjan, Oddagata 12, betur þekkt sem rækjuvinnslan og Túnbraut 1-3 sem hýsir skrifstofu sveitarfélagsins og starfsstöð Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga Vinnumálastofnunar. Þær eignir sem um ræðir hafa verið án viðhalds til fjölda ára og hafa að hluta staðið tómar svo árum skiptir. Það var mikilvægt fyrir sveitarfélagið að gera breytingu þar á til þess að mögulegt verði að sinna viðhaldi á þessum stóru og áberandi fasteignum í sveitarfélaginu og freista þess að koma þeim í frekari notkun. Allar fasteignirnar eru með fullnægjandi innkomu til þess að standa undir árlegum rekstri.

Seldar eignir

Sveitarfélagið seldi eftirfarandi eignir á árinu sem er að líða:

Suðurvegur 18
Suðurvegur 20
Suðurvegur 26
Mánabraut 5
Mánabraut 11
Suðurvegur 22

Hafnarlóð 9

Mikil vinna hefur farið í að skoða mögulega nýtingu á gömlu síldarverksmiðjunni á hafnarsvæði. Ein hugmynd sem unnið hefur verið með er að breyta húsnæðinu í svokallað Boutique Hótel sem hefur fengið vinnuheitið *Herring Hotel*. Hótelið gæti tekið á móti ferðamönnum allan ársins hring og hefði hönnunarlega sérstöðu þannig að hótelið sjálft væri næg ástæða til þess að sækja Skagaströnd heim. Hugmyndin er enn á frumstigum og hefur verið unnin af sveitarfélaginu og Auði Hreiðarsdóttur arkitekt hjá ESJA Architecture.

Hægt er að nálgast frumhönnun á Herring Hotel [hér](#).

Samkvæmt samkomulagi við Fisk Seafood mun félagið leigja Hafnarlóð 9 undir sambærilega starfsemi og verið hefur undanfarin ár og gildir leigusamningurinn frá 1. maí 2021 til 1. maí 2024. Það gefst því rúmur tími til þess að vinna að frekari hugmyndum um nýtingarmöguleika hússins.



Mynd: Ljósmyndasafn Skagastrandar



Myndir unnar fyrir sveitarfélagið af Esju Architecture




Oddagata 12

Ýmsar hugmyndir hafa spröttið upp varðandi nýtingu á rækjuvinnslunni. Síðasta árið hefur SSNV unnið með sveitarfélaginu að því að finna hentug verkefni inn í húsið. Á meðan að unnið er að því að finna framtíðarnýtingu fyrir húsið er mikilvægt að það standi ekki autt og án tekna. Sveitarfélagið tók ákvörðun í vor um að auglýsa vesturhluta hússins þ.e. nýrri hluta hússins, sem geymslu fyrir hjólhýsi og aðra muni sem þurfa geymslu yfir vetrartímann. Viðbrögðin stóðu ekki á sér og hingað komu um 40 einstaklingar frá öllum landshlutum með hina ýmsu gripi til öruggrar geymslu fram á vorið. Sú lausn að nýta húsið undir geymslur er tímabundið úrræði til þess að halda húsinu í eðlilegum rekstri en markmiðið er að fá atvinnuskapandi starfsemi í húsið og verður haldið áfram að vinna að því verkefni.



Túnbraut 1-3

Í framkvæmdakaflanum hér að framan var farið yfir hluta af áformum varðandi stjórnsýsluhúsið. Til viðbótar við það sem þar kemur fram er fyrirhugað að hluta hússins verði breytt í skrifstofurými til útleigu svipað og hefur verið gert hjá Útibúinu á Hvammstanga. Með því að bjóða upp á þessa aðstöðu skapast frekari forsendur fyrir því að taka á móti aðilum sem geta unnið í fjarvinnu, aðilum sem sinna störfum án staðsetningar og einyrkjum sem vantar aðstöðu til að sinna sínum störfum við góðan aðbúnað og félagsskap af öðrum notendum hússins. Áfram verður unnið að verkefninu árið 2022.



Skólastarf

Höfðaskóli

Skólaárið í Höfðaskóla var viðburðaríkt að vanda og margt sem setti svip sinn á skóla-starfið á líðandi ári. Alls störfuðu 24 starfsmenn í skólanum árið 2021 og voru alls 70 börn sem stunduðu nám við Höfðaskóla.

Í áramótapistli skólastjórnenda sem birtur var á heimasíðu skólans kom eftirfarandi meðal annars fram:

Nemendafélag Höfðaskóla tók formlega til starfa og eru það nemendur á unglingastigi sem skipa stjórn þess.

Höfðaskóli lenti í 3. sæti á landsvísu í grunn-skólakeppni Samróms og fékk verðlaun fyrir sitt framlag á Bessastöðum 27. janúar.

Nemendur í 10. bekk tóku þátt í rafrænu skemmtikvöldi hjá Nemendafélagi FNV og unglingar í forritunarvali heimsóttu nemendur á yngsta stigi og kenndu þeim á Sphero.

112 dagurinn var haldinn 11. febrúar og fengum við skemmtilega heimsókn frá lögreglu, slökkviliði og björgunarsveitinni Strönd.

Upp úr miðjum febrúar var unnið hörðum höndum að því að fjölga nemendum skólans þar sem fylgst var með níu hænueggjum í ferlinu frá eggjum að unga og 17. febrúar var öskudagurinn þar sem hinar ýmsu verur mættu í skólann.

Í mars fengu nemendur á yngsta stigi ný borð og stóla og ungarnir níu komust allir úr eggjum, 100% árangur og skólastarfið með líflegu móti. Danskennsla var vikuna 15.-19. mars og þótti flestum það skemmtilegt.

Framsagnarkeppni Höfðaskóla, fyrir nemendur á miðstigi, var haldin í kirkjunni. Þemavika hjá nemendum unglingastigs, ein stöð á hverjum

degi í viku. Páskafríð hófst aðeins fyrr en áætlað var vegna hertra sóttvarnaaðgerða en við tókum því sem höndum ber.

Í apríl var árshátíðin rafræn og Þorgrímur Þráinsson heimsótti unglingastigið með fyrirlesturinn „Verumástfanginaflífinu“ og nemendur í 9. og 10. bekk fóru á skyndihjálparnámskeið. Handritasamkeppni Árnastofnunar var haldin í samstarfi við Sögur- verðlaunahátíð barnanna og einn nemandi úr Höfðaskóla, Vésteinn Heiðarr Sigurðarson, var valinn sigurvegari ásamt 12 öðrum krökkum. Í lok apríl fengu nemendur 1. bekkjar hjálma að gjöf frá Kiwanis klúbbnum og 5. og 6. bekkur fóru í heimsókn á Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.

Maí gekk í garð og nemendur í 1. og 2. bekk tóku honum fagnandi með sápukúlublæstri og yngsta stig fór í fjöruferð. Leiklistarval unglingastigs lauk sinni vinnu þar sem leikritið „Klippt og skorið - morðgáta“ var tekið upp. Vegna þeirra takmarkana sem giltu um skólastarf var ekki hægt að vera með sýningar með hefðbundnu sniði heldur var hægt að kaupa upptöku af leikritinu.

Annað árið í röð komst 10. bekkur ekki í utanlandsferðina sína vegna heimsfaraldurs en þau fóru í skemmtilega ferð innanlands í staðin. Ekki var hægt að hafa sameiginleg skólaslit í lok maí þegar viðburðaríku skólaári var slitið með pompi og prakt og nemendur héldu út í sumarið.

Skólaárið 2021-2022 hófst mánudaginn 23. ágúst, breyting var á skólaasetningu vegna samkomutakmarkana og mættu nemendur beint í skólann en ekki í kirkjuna eins og venja var fyrir heimsfaraldur.

Í september fór af stað hestaval á unglingastigi

undir stjórn Höllu Maríu sem gekk vonum frammar og einnig fengu nemendur unglingastigs fyrirlestur um fugla hjá Einari Ó. Þorleifssyni náttúrufræðingi hjá Náttúrustofu Norðurlands vestra. Við nýttum fallegt haustveður til útivistar og nám í gegnum leik.

Október og nóvember voru með rólegra móti, nemendur á unglingastigi sáu sýninguna Vloggið á Blönduósi en Þjóðleikhúsið var á leikferð um landið og tóku þátt í valgreinadegi með nemendum úr Blöndu- og Húnavallaskóla. Samtökin 78 voru með fræðslu fyrir öll stig skólans ásamt fræðslu fyrir starfsfólk og forráðamenn. Menntabúðir voru haldnar 2. nóvember þar sem forráðamenn, ættingjar og aðrir velunnarar skólans voru hjartanlega velkomnir að kíkja í heimsókn og kynna sér hin ýmsu tæki og tól til kennslu, mæting og áhugi fóru fram úr björtustu vonum. Í byrjun nóvember var okkar árlegi flipp íþróttadagur haldinn að þessu sinni var hann innandyra en það var ekki til að skemma stemninguna. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember og þemavika var á unglingastigi vikuna 22.-25. nóvember þar sem kennt var heimilisfræði, myndmennt, tálgun og plastvinna.

Nú í desember höfum við verið að reyna brjóta upp hefðbundið skólastarf. Við fórum með yngsta stig og tendruðum ljósin á jólatrénu, fengum jólasveina í heimsókn, héldum föndurdag, söngsal, jólastund, möndlugraut og að lokum litlu jólin okkar sem voru einstaklega notaleg þrátt fyrir breytta dagskrá vegna takmarkana.

Árið var því sannarlega viðburðaríkt og skemmtilegt í Höfðaskóla!

Barnaból

Á Skagaströnd er rekinn einn leikskóli, Hjalla-stefnuleikskólinn Barnaból. Leikskólinn Barnaból opnaði formlega 7. júní 1977 en hefur verið rekinn undir samningi Sveitarfélagsins við Hjallastefnuna síðan 1. janúar 2015. Alls starfa 12 manns á Barnabóli á ársgrundvelli bæði í hlutastarfi og fullu starfi.

Árið 2021 voru 32 börn á leikskólanum og helst sú tala óbreytt 2022 eins og staðan er í dag.

Það er metaðsókn í leikskólapláss hjá okkur sem er mikið gleðiefni enda er leik- og grunn-skólastarf sveitarfélagsins þar sem hjarta samfélagsins slær.



Höfðaskóli varð skóli á grænni grein og fékk sinn fyrsta Grænfána.

**Hvað er
framundan?**

Hvað er framundan?

Árið 2022 verður stútfullt af skemmtilegum verkefnum og áskorunum hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Stórar framkvæmdir eru á teikniborðinu og eru viðamestu verk-efnin sem ekki hafa verið tilgreind í kafla um framkvæmdir:

1. Fyrsti áfangi vegna fráveituframkvæmda — Hólanes-Einbúastígur

Framkvæmdir vegna fyrsta fasa í endurnýjun á fráveitukerfi sveitarfélagsins. Í verkinu felst að vinna við sniðræsi fráveitu, frá fyrirhuguðum sjóböðum á Hólanesi, til norðurs meðfram Hólanesvegi og Strandgötu, allt að Einbúastíg, en þar opnast lögnin til sjávars vestan við Skagastrandarhöfn. Síðar verður þar byggt skólphreinsistöð. Útboð vegna verksins er áætlað í febrúar 2022.



Teikning Stoð ehf. verkfræðistofa

Hvað er framundan?

2. Fyrsti áfangi í endurbyggingu Ásgarðs


Í samvinnu við Vegagerðina verður ráðist í fyrsta áfangi í endurbyggingu á Ásgarði á Skagastrandarhöfn. Við Ásgarðsbryggju hafa legið bátar af mismunandi stærðum í gegnum árin og hefur hún þjónað mikilvægu hlutverki fyrir hafnarstarfsemi á Skagaströnd. Í dag er ástand Ásgarðs ekki eins og best verður á kosið. Nauðsynlegt er að ráðast í endurbætur á hafnarmannvirkinu til þess að það geti áfram þjónað sínum tilgangi til framtíðar og er ærið verkefni fyrir höndum. Skoðaðir hafa verið nokkrir möguleikar á endurnýjun bryggjunnar og eru mörg ár síðan sú vinna hófst og þar með baráttan fyrir umbótum. Það er mat Hafnarsviðs Vegagerðarinnar að endurbyggingu Ásgarðs verði best borgið með því að setja stálpil utan um núverandi bryggju og að Miðgarði, þó að fleiri útfærslur hafi verið teknar til athugunar.

Þó það sé langhlaup að knýja fram framkvæmdir, og hvað þá á þessum skala, er stór sigur að verkefnið hafi hlotið brautargengi og sé komið á fimm ára aðgerðaráætlun samgönguáætlunar 2020-2024. Það er stór áfangi og jákvæður fyrir uppbyggingu á Skagaströnd. Gildandi samgönguáætlun felur í sér mikilvæga framtíðarsýn og víðtæk áform m.a. um nauðsynlegt viðhald á höfnum sem bera að fagna og við Skagstrendingar njótum þar góðs af.

Heildarkostnaður vegna framkvæmda er áætlaður 245 milljónir.

Stefnt er að því framkvæmdir hefjist vorið 2022 og ljúki 2023.

Það verður gaman að fylgjast með framgangi verkefnisins sem mun bæta ásynd og aðstöðu á hafnarsvæði til muna.



Uppbygging íbúðarhúsnæðis

Þann 12. janúar 2022 skrifuðu Sveitarfélagið Skagaströnd og HMS undir viljayfirlýsingu um fjölgun íbúða á Skagaströnd og eflingu stafrænnar stjórnsýslu. Markmiðið með samstarfinu er þríþætt:

1. Að leita leiða til að fjölga íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og rjúfa stöðnun á íbúðamarkaði
2. Stuðla að húsnæðisöryggi íbúa sveitarfélagsins með aðgengi að fjölbreyttum húsnæðiskosti
3. Efla stafræna stjórnsýslu húsnæðis- og byggingarmála í sveitarfélaginu.

Viljayfirlýsingin nær til eftirfarandi verkefna:

a. Uppbygging íbúða:

HMS mun í samstarfi við sveitarfélagið leita leiða til þess að fjölga íbúðum í sveitarfélaginu meðal annars með því að greina markaðs-aðstæður, setja saman leiðir úr úrræðum sem HMS hefur úr að ráða í þeim tilgangi að stuðla að fjölgun íbúða og auglýsa eftir byggingar-aðilum sem vilja taka þátt í uppbyggingu íbúð-arhúsnæðis í sveitarfélaginu.

b. Efling stafrænnar stjórnsýslu í húsnæðis- og byggingarmálum:

Skagaströnd og HMS vinna sameiginlega að eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátt meðal annars með útgáfu á stafrænni húsnæðisáætlun, markvissri notkun mannvirkjaskrár HMS í stjórnsýslu byggingarmála í sveitarfélaginu auk þess að undirbúningur verði hafinn við að skrá leigusamninga á svæðinu í Húsnæðisgrunn HMS.

Verkefnið er ærið og spennandi og mun stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í samræmi við þá þörf sem endurspeglast í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma. Þá mun Sveitarfélagið Skagaströnd verða einn af brautryðjendum í stafrænni stjórnsýslu með notkun mannvirkjaskrár HMS.

Það verður spennandi að vinna að þessari uppbyggingu á árinu og vonandi sjáum við nýtt íbúðarhúsnæði rísa á næstu misserum í kjölfar þessa samstarfs sveitarfélagsins við HMS.

Niðurlag

Samantektin hér að framan er langt frá því að vera tæmandi yfir allt það sem fram fór í sveitarfélaginu síðasta árið og það sem framundan er. Það gefur hins vegar ágætis yfirlit yfir þau verkefni sem unnin eru á vettvangi sveitarfélagsins.

Ég vona að lesendur hafi haft gaman að því að fá örlitla innsýn inn í daglegan rekstur Sveitarfélagsins Skagastrandar. Ég hvet áhugasama til þess að fylgja okkur á samfélagsmiðlum þar sem við erum dugleg við að setja inn myndir úr hversdagsleikanum á Skagaströnd ásamt upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins:

Facebook: www.facebook.com/skagastrond

Instagram: [sveitarfelagid_skagastrond](https://www.instagram.com/sveitarfelagid_skagastrond)

Heimasíða: www.skagastrond.is



Alexandra Jóhannesdóttir
Skagaströnd 15. janúar 2022



skagastrond.is



**Sveitarfélagið
Skagaströnd
2022**